

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, stækkun þéttbýlis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 frá 11. febrúar 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Þéttbýli er stækkað til norðurs og vesturs.
- Íbúðarsvæði er stækkað til norðurs og vesturs og kemur í stað landbúnaðarsvæðis. Gert er ráð fyrir 230-240 íbúðum á svæðinu (Í10) miðað við blandaða húsagerð og allt að 645 íbúum.
- Reitur SF1 þar sem skipulagi var frestað verður verslunar- og þjónustusvæði (V6).
- Reitur SF2 þar sem skipulagi var frestað verður athafnasvæði (A5).
- Miðsvæði M er stækkað til norðvesturs.
- Nýtt iðnaðar- og námusvæði I4.
- Nýtt iðnaðarsvæði I5.
- Ný vegtenging og nýir tengivegir inn á fyrirhugað íbúðarsvæði.
- Breytt afmörkun iðnaðarsvæðis I1 og breyting á afmörkun opins svæðis til sérstakra nota og íbúðarsvæðis I8 til samræmis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.